

## GJALDSKRÁ

### fyrir vatnsveitu í Seyðisfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Árlegt vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 skal vera:

Vegna eigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,315% af fasteignamati.

Vegna eigna skv. b- og c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,450% af fasteignamati.

Gjaldagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

#### 2. gr.

Aukavatnsskattur, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

a) Þegar notkun vatns er mæld samkvæmt mæli í rúmmetrum skal greiða kr. 35 pr. m<sup>3</sup>.

b) Vatn til skipa kr. 316 pr. m<sup>3</sup>. Lágmarksgjald kr. 3.300.

c) Sé vatn ekki selt eftir mæli er heimilt að innheimta aukavatnsgjald sem hér segir:

Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 42.

Af hverri smálest fisks lagðri upp í bræðslu kr. 90.

Af hverri smálest frystra sjávarafurða og landbúnaðaráfurða svo og saltfiski kr. 118.

d) Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvottar á bifreiðum t.d. í sambandi við eldsneytissölu skal greiða kr. 35.146 fyrir vatnsnotkun hvern ársfjórðung.

#### 3. gr.

Mælaleiga fyrir:

Að 40 mm mæli	kr. 4.620 á ári
40-49 mm mælir	kr. 5.897 á ári
50-74 mm mælir	kr. 8.225 á ári
75-99 mm mælir	kr. 12.931 á ári
100 mm og stærri mælir	kr. 19.969 á ári

#### 4. gr.

Aukavatnsgjald samkvæmt 2. og 3. gr. er innheimt ársfjórðungslega eftir á.

#### 5. gr.

Gjald fyrir lagningu heimæðar frá götuæð í stofnkrana húss og uppsetningu hans skal vera:

Fyrir hús allt að 400 m<sup>3</sup> kr. 170.848. Fyrir hverja 10 m<sup>3</sup> umfram 400 m<sup>3</sup> kr. 3.300.

#### 6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn/veitustjórn að gera sérstaka samninga um vatnssölu til stórra vatnsnotenda.

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 57/2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 9. desember 2015.

*Seyðisfirði, 18. desember 2015.*

**Vilhjálmur Jónsson** bæjarstjóri.